

14. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 13. janúar 2011, kl. 14.30 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Hildur Ösp Gylfadóttir varaformaður (á fjarfundi), Sigurður Valur Ásbjarnarson, Aðalsteinn Þór Arnarsson, Jónína Magnúsdóttir, Inga Eiríksdóttir fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari,

Varaformaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Árangur nemenda á haustönn 2010

Skólameistari gerði grein fyrir árangri nemenda skólans á haustönn 2010. Almennt gekk vel og virðist sem sú tilraun sem gerð var með því að taka alla nemendur inn á 2. þrep hafi heppnast. Tveir áfangar skera sig úr, inngangur að listum og miðannaráfangi. Skipulag þeirra verður tekið til endurskoðunar.

2. Aðsókn í skólann á vorönn 2011

Aðsókn á vorönn varð vonum framar. Nemendur eru að færa sig milli skóla og sækja m.a. talsvert í listabrautina og virðist orðspor hennar hafa borist út. Nú eru 84 nemendur skráðir í skólann.

3. Húsnæði

Skólameistari upplýsti að hún og bæjarstjóri Fjallabyggðar hefðu fundað um þau verkefni sem vinna þyrfti í viðhaldi á skólahúsnæðinu. Þar er um að ræða málningarvinnu, m.a. á gluggum, lýsingu utanhúss, endurbætur á gleri og viðhald á ofnum ásamt smávegis vinnu á lóð. Jónína spurðist fyrir um hvort brunavarnakerfi hefði verið sett í allt húsið. Ekki var sett upp brunavarnakerfi í norðurálmuna.

4. Rútuferðir

Lára gerði grein fyrir að skólinn væri í samvinnu við Fjallabyggð en skólaaksturinn væri fyrst og fremst í þágu grunnskólans og Menntaskólinn gerði ekki kröfu um neitt annað en ferð að morgni í upphafi skóladags og aftur þegar kennslu lýkur. Sigurður Valur tók fram að litið hefði verið svo á að veturinn væri reynslutími sem væri notaður í að finna hvað væri hentugast. Skólastjóri Grunnskólans og skólameistari hafa komist að samkomulagi vegna tímasetninga næsta vetur (upphafstíma að morgni).

5. Tröllaskagadeilan

Samkomulag vegna hinnar svo kölluðu Tröllaskagadeilu var ekki undirritað fyrr en á Þorláksmessu. Lára gerði grein fyrir samkomulaginu og fór yfir það með nefndarmönnum.

Ekki hefur enn verið gengið frá stofnanasamningi við skólann en afar brýnt er að ljúka slíkum samningi. Skólanefnd lýsir yfir stuðningi við framgöngu skólameistara í málinu.

6. Fjárhagsáætlun 2011

Fjármálastjóri gerði grein fyrir rekstraráætlun skólans fyrir árið 2011. Þar er gert ráð fyrir 1,6% í rekstrarafgang, 1,3 mkr. Helsta óvissa í áætluninni snýr að launakostnaði þar sem endanleg launasetning starfsmanna er enn ekki ljós. Rekstrarafgangur ársins 2010 mun að öllum líkindum færast til ársins 2011. Skólanefnd samþykkir framlagða áætlun.

7. Önnur mál

7.1 Ferða- og útivistarbraut

Skólameistari gerði grein fyrir að í skólanum væru uppi hugmyndir um breytta áherslu í mótun ferða- og útivistarbrautar. Það ræðst m.a. af þeim mannskap sem skólinn hefur úr að spila. Að öllum líkindum verður frekar lögð áhersla á íþróttir og þjálfun en ferðamál. Hér á svæðinu virðist vera grundvöllur fyrir því og þekking innan skólans til að leiða slíkt verkefni. Því yrði fremur

stefnt á íþróttir og útivist. Lára leitaði áhlits skólanefndarinnar á þessum breyttu áherslum. Skólanefnd lýsti yfir stuðningi sínum við hugmyndirnar.

7.2 Fundartími skólanefndar

Samþykkt að fundir skólanefndar verði framvegis kl. 11.40 á fimmtudögum. Þá er einnig samþykkt að fólk boði sjálfst sína varamenn ef á þarf að halda en tilkynni skólameistara jafnframt um forföllin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00

Fundargerð ritaði
Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir